

**Sp.**

### **118. Þingsályktun**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að tryggja rektor Menntaskólans í Reykjavík húsnæði.

(Afgreidd frá Sp. 19. nóv.).

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að leigja nú þegar til tveggja ára efri hæð og rishæð í húsinu Garðastræti 39 í Reykjavík til íbúðar handa rektor Menntaskólans í Reykjavík, gegn kr. 600.00 — sex hundruð króna — leigu á mánuði og því, að íbúðin afhendist í leigufæru ásigkomulagi, enda sé rektor tryggð íbúð í nágrenni við skólann áður en leiðutíminn er á enda. Jafnframt er ríkisstjórninni heimilt að lána úr ríkissjóði kr. 300000 — þrjú hundruð þúsund krónur — út á fyrrnefnda húseign, gegn 1. veðrétti í allri eigninni, og endurgreiðist lánið með jöfnum afborgunum á næstu 25 árum með 4% ársvöxtum.